

Hinseginvika Árborgar fer vel af stað



Forvarnarteymið í Árborg, Salka útgáfa og Íslandsbanki gáfu öllum 1. bekkjum í Árborg bókinu „Vertu þú“ sem segir litríkar sögur af fjölbreytileikanum og hvetur til fordómaleysis og viðsýni. Allir skólar fengu líka fána. Einnig fengu allir leikskólar bók og fána.



Tekið á móti bók og fána í leikskólanum Jötunheimum. Nemendurnir Elimar Lévi og Anna Viktoría ásamt Júlíönu leikskólalastjóra. Inga Þórs Unglinga- og ungmenntaráðgjafi og Diana Gestsdóttir Lýðheilsufulltrúi færðu þeim gjöfina fyrir hönd forvarnarteymisins, Íslandsbanka og Sölu útgáfu.

Nýja hjúkrunarheimilið við Árveg á Selfossi afhent í byrjun mars

Afhending húsnæðis nýja hjúkrunarheimilisins í Árborg er áætluð í byrjun mars 2022 og gert er ráð fyrir að heimilið muni opna fyrir íbúum seinna í þeim mánuði.

Heilbrigðisráðuneytið fól Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) rekstur heimilisins eftir að sveitarfélagið hafði tilkynnt ráðuneytinu að það hygðist ekki sjá um rekstur þess. Síðan þá hefur undirbúningur staðið yfir, nú síðast undirbúningur búnaðarkaupa.

Gert hefur verið ráð fyrir að með tilkomu nýs hjúkrunarheimilis fjölgi hjúkrunarrýmum á Suðurlandi um 25.

Eldri rými sem lögð voru af við lokun tveggja hjúkrunarheimila árið 2016, Kumbaravogs og Blesastaða, hafa verið í tímabundnum rekstri, m.a. í Hvera-

gerði, á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum og eiga að ganga inn í nýtt hjúkrunarheimili samkvæmt því sem lagt var upp með.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur metnaðarfull áform um þjónustu við aldraða á Suðurlandi sem myndi setja heilbrigðisumdæmi Suðurlands í forystu í samþættri þjónustu við aldraða, með höfuðstöðvar þjónustunnar á Selfossi. Þau áform eru nú til skoðunar í ráðuneytinu. Sveitarfélagið Árborg hefur mikinn metnað til að styðja við þessa þróun og telur að aðstæður í sveitarfélaginu séu mjög góðar í því tilliti.

Vegna mikils skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu óskaði ráðuneytið eftir álitum Sveitarfélagsins



Árborgar á tímabundinni nýtingu hluta hjúkrunarrýma í Árborg fyrir einstaklinga sem bíða hjúkrunarrýmis á höfuðborgarsvæðinu. Eftir nokkra skoðun féllst sveitarfélagið á þá málaleitan með þeim formerkjum að í staðinn yrði fram-

lengdur umframrekstur hjúkrunarheimila á Suðurlandi, sem annars myndu ganga inn í nýja heimilið. Eftir sem áður verða því 25 ný rými til ráðstöfunar við tilkomu nýja hjúkrunarheimilisins.

Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f](#) /keyrsla.is



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Kjartans Helgasonar,
garðyrkjubónða,
Hvammi, Hrunamannahreppi



Björg Björnsdóttir
og fjölskylda.

Hrós vikunnar

Selma Harðardóttir

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Selma Harðardóttir

Það er mér sannur heiður að vera hrósari vikunnar, það er mikilvægt að muna að hrósa sjálfum sér og öðrum. Ég hvet ykkur til þess að koma því í vana að hrósa einhverjum á hverjum degi frá hjartanu. Hrós á dag kemur skapinu í lag.

Selma Harðardóttir

Hrós vikunnar að þessu sinni fær Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir eða Gugga eins og við þekkjum hana flest. Í desember á síðasta ári fagnaði hún 30 ára starfsafmæli sínu sem ungbarnasundkennari. Maðurinn minn, Steinn Vignir, sem er fæddur 1992 var hjá henni og nú börnin okkar líka, Silja 3 ára og Hörður Kári 3 mánaða. Við fjölskyldan viljum þakka og hrósa Guggu fyrir frábæran og skemmtilegan sundskóla.

Selma Harðardóttir

Ég hef ákveðið að skora á Aðalheiði Ólafsdóttur vinkonu mína, sundgarp og langalangömmu barnanna minna til að koma með hrós í næstu viku.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Hugsar þú eins og ég?

Gunna Stella

Textinn í lokalagi áramótaskaupisins „Ef þú hugsar eins og ég“ í ár hitti í mark að mínu mati. Lagið fjallaði um einstaklinga eða hópa sem eru ekki sammála. Bilið er farið að breikka. Skoðanir harðari. Hér er brot úr textanum.

Ég sýni öllum skilning sem hugsar eins og ég

Ég sýni öllum virðingu sem hugsar eins og ég

Ég gef öllum tækifæri sem hugsar eins og ég

Sem hugsar eins og ég

Gleðilegt nýtt ár

Sama hver þú ert

Sama hvað þér finnst

Og hvað þú hefur gert

Ég vona þessi hátíð verði dásamleg

Ef þú hugsar eins og ég

Hugsar þú eins og ég? Hugsar ég eins og þú? Samfélagsmiðlar hafa þau áhrif að algorithminn raðar því sem „hann“ telur að þér líki þannig að þú sjáir það. Fólk hefur ólíkar skoðanir á ýmsu. Umhverfinu, sóttvörnum, pólitík, lögum, kvikmyndum og svo mætti lengi telja. Staðreyndin er sú að við verðum aldrei öll sammála. Við munum aldrei hugsar eins. Við erum ólík. Stundum tel ég mig geta lesið

í hugsanir mannsins míns sem ég er búin að vera gift í 21 ár en hef alls ekki alltaf rétt fyrir mér. Stundum met ég svo á svipbrigðum dóttur minnar að henni finnst eitt og annað en það er kannski bara algjörlega misskilið hjá mér. Stundum held ég að eitt-hvað hafi gerst í skólanum hjá syni mínum sem kemur brúnaþungur heim en þá er hann kannski bara svangur. Rétt eins og ég get misskilið maka minn og börn þó svo ég þekki þau mjög vel þá getum við misskilið hvort annað.

Undanfarnar daga hef ég verið að hugleiða orðið Kærleikur. Hvað er kærleikur? Það er hægt að skilgreina kærleika á ýmsan máta. Flestir myndu skilgreina kærleika sem eitt-hvað gott. Þú getur sýnt kærleika í verki. T.d. með faðm-lagi, brosi, hlýjum orðum, gjöfum, góðverkum og svo mætti lengi telja. Kærleika er líka hægt að finna í virðingu. Virðingu fyrir skoðunum annarra. Virðingu fyrir ákvarð-

anatöku annarra. Virðingu fyrir öðrum. Við getum glaðst með öðrum, sýnt kærleika og verið vinir, þó að við hugsum ekki eins.

Hvað ef við myndum ákveða að sýna kærleika í orði og verki í stað þess að reyna hvað við getum til að fá aðra til að vera sammála okkur? Hvað myndi gerast ef við ákveðum



að elska þegar við förum á fætur á morgnana? Hvað myndi breytast ef við myndum ákveða að sýna kærleika í næstu búðarferð? Hvað myndi gerast ef við myndum hugsar okkur tvisvar um áður en við skrifuð eitthvað á samfélagsmiðla. Spyrja okkur spurningarinnar „Er þetta kærleiksrikt?“ Myndi eitthvað breytast? Já, ég held það. Ég get gert betur. Þess vegna hef ég ákveðið í að æfa mig í að verða betri að sýna kærleika. Kærleika gagnvart öðrum og kærleika gagnvart sjálfri mér.

Verður þú með?

Kærleikskveðja,
Gunna Stella

Til að panta tíma í fyrirlestur, heilsuþjálfun eða ráðgjöf, kíktu þá á www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

SAS gerir samning við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands

Þann 11. janúar sl. undirrituðu með sér SASS og Sinfóníuhljómsveit Suðurlands samning um áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands. Mun styrkur SASS nema 2 m.kr. árið 2022 til að halda skólatónleika og kynna klassíska tónlist fyrir nemendum í grunnskólum á Suðurlandi. Með stuðningi sínum vill SASS auðga menningarlíf á Suðurlandi og skjóta frekari rötum undir starfsumhverfi klassískra tónlistarmanna á Suðurlandi.

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands var stofnuð haustið 2020, hljómsveitarstjóri sveitarinnar er Guðmundur Óli Gunnarsson og Margrét Blöndal er framkvæmdarstjóri. Er þetta mikilvægt verkefni fyrir tónlistarskólana á svæðinu, og mun tilkoma hljómsveitarinna koma til með að breyta menningarlífi á Suðurlandi. Verkefnið mun efla samskipti og samvinnu við aðra tónlistamenn og listgreinar, sem og að bæta mynd landslutans, sjálfsmynd íbúanna, og stuðla að fjölbreytni.

Sumarið 2021 tók Sinfóníuhljómsveit Suðurlands þátt í



Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri og Margrét Blöndal framkvæmdarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands skrifa undir samninginn

Oddahátíð. Auk þess sem hún hélt 12 skólatónleika, sem er einn meginþáttur starfsins. Voru þessir tónleikar m.a. fjármagnaðir af SASS.

Við óskum Sinfóníuhljómsveitinni til hamingju með styrkinn og óskum þeim vel farnaðar á starfsárinu.



Tryggingar fyrir alla fjölskyldumeðlimi

Þú getur tryggt gæludýrin þín hjá Sjóvá.

Kynntu þér málið á sjova.is



SJÓVÁ

Magnús J. Magnússon hlaut Menntaverðlaun Suðurlands



Helgi Kjartansson, varaformaður SASS, og Magnús J. Magnússon.

Menntaverðlaun Suðurlands 2021 voru afhent í fjórtaða sinn fimmtudaginn 13. janúar sl. Alls bárust átta tilnefningar.

Magnús J. Magnússon fyrrum skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt til eflingar leiklistarstarfs meðal grunnskólanema.

Magnús hefur í áratugi stýrt leiklistarkennslu í þeim skólum sem hann hefur starfað við. Ásamt því að vera skólastjóri, stýrði Magnús leikhópnum Lopa sem er nemendaleikhópur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Auk þess hefur hann nýtt leiklistina til að efla samskipti og samskiptahæfni í bekkjum skólans, sem hefur eflt nemendur og styrkt þá í félagsfærni og samskiptum. Þá hefur Magnús verið ein af aðal spírurum Þjóðleik- samstarfsverkefni Þjóðleik-


hússins og margra grunn- og framhaldsskóla, menningarráða, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Hann hefur í mörgum tilfellum samið sjálfur þau leikrit sem leikhópurinn hefur sett upp og fylgt verkefnum eftir með umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Hefur Magnús sýnt óþrjótandi förmýsi

hvað varðar tíma og eftirfylgni til eflingar leiklistarstarfs meðal grunnskólanema og landshlutans í heild.

Helgi Kjartansson varaformaður SASS kynnti niðurstöður úhlutunarnefndar. Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin í fjarfundi.

Um Menntaverðlaun Suðurlands

Ár hvert veita Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Menntaverðlaun Suðurlands. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi sem um leið er hvatning til frekari dáða. Allir þeir sem koma að skólastarfi með einhverjum hætti geta fengið verðlaunin; grunnskólar, leikskólar, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöðvar, háskólastofnanir, kennarar, einstaklingar eða hóp- ar, skólaskrifstofur, sveitarfélög/skólaneindir, foreldrafélög o.fl. Veitt eru peningaverðlaun, auk þess fylgir verðlaununum formleg viðurkenning.



Lárus Jóhann Guðmundsson er sunnlenskur matgæðingur þessa vikuna.

Ég vill þakka litla bróðir mínum Ólafi Loga fyrir þessa tilnefningu.

Ég hef mest gaman af því að matreiða villibráð og ætla ég að deila hér með ykkur einni góðri máltíð sem klikkar aldrei. Andarbringur, smælki og karmelliseraðum perum, sem passa mjög vel með öndinni.

Villtar andarbringur (stökkönd)

Gott er að gera ráð fyrir að það fari ein og hálf bringa á mann. Áður en bringurnar eru eldaðar þurfa þær að standa við stofuhita í minnst tvo tíma eða þar til kjötið hefur náð stofuhita. Mikilvægt er að rista í bringurnar svo að það losni um fituna í steikingu. Það er bæði hægt að rista skáhalt í bringuna eða þannig að það myndist tíglaunstur. Það þarf að gæta þess að skera ekki í gegnum fituna þannig að það fari í kjötið. Best finnst mér að skera bringurnar um leið og þær koma úr frystinum, en þá verður auðveldara að skera þær og skurðurinn fallegri. Bringurnar eru kryddaðar með sjávarsalti og pipar. Best er að nudda kryddinu vel í skurðsárin.



Næst er komið að því að steikja bringurnar og þar sem mér er ekki treyst fyrir neinu öðru en grillinu á mínu heimili, er ég með pönnu sem þolir að fara beint á grillið. Til að byrja með eru andarbringurnar steiktar á pönnunni, fituhliðin niður. Töluverð fita bráðnar af bringunni þegar hún er steikt, sem gerir smjör eða olíu óþarfi við steikingu. Til að puran verði stökk er gott að fjarlægja fituna jafnóðum af pönnunni. Þegar puran er orðin stökk sný ég bringunni við, pennslar hana með smá andafitu og stráir á hana salti og pipar og klára að elda hana á grillinu. Mín



Lárus Jóhann Guðmundsson

reynsla er að það tekur hana ca. 1 mín. að verða klár eftir að ég sný henni við. Mikilvægt er að elda hana ekki of lengi en samt sem áður vill maður ná í stökka og fallega puru.

Að endingu eru bringurnar svo látnar standa í örfáar mínútur áður en þær eru borðnar fram.

Steiktartartöflur

Hér finnst mér gott að hafa aðstoðarmann þar sem ég held mig bara við grillið :) Best finnst mér að nota íslenskt smælki. Kartöflurnar eru steiktar upp úr andarfittunni, sem eftir varð við steikingu, þangað til þær eru stökkar. Því næst kryddaðar eftir smekk og kláraðar í ofninum.

Karmelliseraðar perur (fyrir 4)

3 perur
Ólífuolía og smjör til steikingar
1 ½ msk. + 2 tsk. hunang
1 poki klettasalat (75 g)
60 ml balsamik edik
60 ml hvítvín

2 perur afhýddar, kjarnhreinsaðar og skorna í bita. Þriðja peran er kjarnhreinsuð og skorin í bita með hýðinu á og blandað saman við klettasalat. Hinar perurnar tvær eru steiktar á pönnu í ólífuolíu, góðri klípu af smjöri bætt við. Þegar perurnar hafa myndað smá steikingarhúð er 1 ½ msk. af hunangi bætt við og perurnar steiktar áfram þar til þær eru byrjaðar að brúnast. Perubitarnir eru því næst settir í skál. Þá er hvítvíni bætt út á pönnuna ásamt balsamik ediki og 2 tsk. af hunangi. Þetta er látið sjóða niður um helming (tekur ca. 15-20 mín.) Karmelliseraðu perunum er því næst blandað saman við balsamik-blönduna.

Skora ég á vinkonu mína **Mörtu Gunnarsdóttur**. Veit ég að hún mun ekki skorast undan þessari áskorun.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Í þitt höfuð iðulega óvænt flýg ég.
Oft ég sunginn er á fundum.
Ógeðslegt er suð mitt stundum.

Svar við gátu í blaði 2632: **KRÓKUR**
1. Borðkrókur - 2. Skammakrókur
3. Stafkrókur - 4. Fiskikrókur



Umhverfissvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett



Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfissvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfissvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar

STARF

Viltu hjálpa okkur að vera góður granni?

Við hjá Landsvirkjun leitumst við að eiga sem best samskipti við nágranna okkar nær og fjær. Því leitum við að verkefnisstjóra í teymi nærsamfélags og græns reksturs. Við leiðum sameiginlega vegferð fyrirtækisins að kolefnishlutleysi, grænum rekstri, samfélagslega ábyrgri starfsemi og virku samstarfi og samtali í nærsamfélögum.

Helstu verkefni:

- Undirbúningur og framkvæmd samfélagsverkefna
- Gerð og eftirfylgni samskiptaáætlana
- Samskipti við hagsmunaaðila í nærsamfélagi aflstöðva
- Miðlun verkefna og árangurs
- Styðja við þróun, innleiðingu og eftirfylgni græns reksturs


Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun af háskólastigi sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptaeiginleikar og jákvætt viðhorf
- Þekking og reynsla af samskiptum við mismunandi hópa
- Þekking eða reynsla af umhverfis- og/eða orkumálum er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður til að vera hluti af sterkri liðsheid

Starfsstöð viðkomandi verður á Suðurlandi, í Sogsstöðvum og Þjársarstöðvum

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar

Sótt er um starfið hjá Hagvangi hagvangur.is



Jafnlaunagreining
PwC
2021



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022

Sveitarfélagið Árborg fagnar fjölbreytileikanum



Ertu metnaðarfullur, sjálfstæður,
jákvæður og drífandi einstaklingur,
þekkir inn á vélar og brennur fyrir
öryggismálum?

Kíktu þá inn á alfred.is,
sjáðu nánar um verkefnin og
hæfniskröfurnar og sæktu um!

 **Vinnueftirlitið**

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2022



Samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016
þarf að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning
til sveitarfélaga. Sækja þarf um fyrir hvert alma-
naksár.

Almennan húsnæðisstuðning skal sækja um til
Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á vefsíðunni
www.hms.is

Foreldrum og/eða forsjáraðilum 15–17 ára ung-
menna sem leigja herbergi á heimavist eða náms-
görðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili er
bent á að endurnýja þarf umsókn um sérstakan
húsnæðisstuðning í janúar. Með umsókninni þarf
að fylgja húsaleigusamningur og staðfesting
skóla á námi barns.

Báðar umsóknir eru aðgengilegar inná mín
Árborg, www.arborg.is og þarf að sækja um fyrir
lok janúar.

Ekki bíða með að heyra



Heyrnarþjónustan Heyrn
hefur frá því í ágúst 2007
komið reglulega og heyrnar-
mælt, veitt ráðgjöf um heyrn,
afgreitt heyrnartæki og verið
með þjónustu tengda heyrnar-
tækjum fyrir Sunnlendinga í
Grænumörk 5 á Selfossi.

Rannsóknir sýna að það líði
að meðaltali um 7 ár frá því að
fólk uppgötvar heyrnarskerð-
inguna þar til að það leitar sér
aðstoðar. Á þessum tíma heldur
heyrnin áfram að hnigna og
hætta á félagslegri einangrun
eykst. Þeir sem bregðast fljótt
við og fara að nota heyrnar-
tæki verða öflugri í samskiptum
og halda sér í þjálfun að heyra
öll hljóð sem virkar líka vel
á skammtímaminnið og jafn-
vægið.

Merki um heyrnarskerðingu:

- Hváirðu oft?
- Finnst öðrum að þú stillir
útvarpið eða sjónvarpið of
hátt?
- Finnst þér hljóð lágvær og
að aðrir muldri þegar þeir
tala við þig?
- Hefurðu sön í eyrunum?
- Heyrirðu illa þegar þú talar
í símann?
- Áttu erfitt með að taka þátt
í samtali þar sem er hávaði
eða margmenni?
- Er hávaði á vinnustaðnum
þínum?
- Áttu auðveldara með að
skilja karlmannsrödd en
konurödd?
- Veldur það þér vandræðum
að missa úr því sem sagt er
þegar þú hittir ókunnuga?
- Ferðu sjaldan á mannamót
vegna þess að þú átt erfitt
með að ná því sem um er
talað?
- Veldur það þér depurð að
þú heyrist ekki vel?

Ef svarið er já við einhverri af
þessum spurningum er það vis-
bending um að þú ættir að láta
heyrnamæla þig.

Það þarf enga tilvísun til að
fá heyrnargreiningu og ráð-
gjöf heyrnarfræðings en þurfi
viðkomandi læknaaðstoð er
honum vísað til háls-, nef- og
eyrnalæknis. Hjá Heyrn starfar
löggitur heyrnarfræðingur og

er lögð áhersla á fagmennsku,
persónulega ráðgjöf og góðan
tíma til að leiðbeina við notkun
heyrnartækja. Vel þarf að vanda
til við val á heyrnartækjum í
upphafi svo þau nýtist eiganda
sínnum til fulls. Tilvalið er að
nýta sér þá þjónustu sem Heyrn
bíður upp á og fá heyrnartæki að
láni til að fá úr því skorði hvern-
ig þau henta.



Sá sem leitar hjálpar við
heyrnarskerðingu gefur sér, fjöl-
skyldu sinni og starfsfélögum
veglega gjöf þegar þeim finnst
ekki lengur erfitt að tala við
hann.

Margir hafa notað þjónustu
okkar enda finnst fólk gott
að fá þjónustu í heimabyggð.
Við hvetjum þá sem eru með
heyrnartæki frá okkur að panta
tíma til að láta stilla tækin sín
ef ástæða er til en sú þjónusta
kostar ekkert. Nánari upplýs-
ingar eru í síma **534 9600** eða á
www.heyrn.is

*Ellisif K. Björnsdóttir,
löggitur heyrnarfræðingur*

Hinseginvika í Árborg

Hinseginvika Árborgar hófst
mánudaginn 17. janúar.
Vikan er haldin af Forvarna-
teymi Árborgar í samstarfi við
sveitarfélagið. Hugmyndin af
Hinseginvikunni kviknaði á
forvarnatéymisfundum. Þá var fé-
lagsmiðstöðin Zelsíuz að fara að
halda hinseginviku innan sinna
veggja en Forvarnatéymið fór
nokkrum skrefum lengra og úr
varð Hinseginvika Árborgar.

Grunnskólar, leikskólar, fé-
lagsmiðstöð, ungmennahús,
ráðhús, bókasöfnin, sundlaugin
og fleiri stofnanir innan sveitar-
félagsins taka þátt á einn eða
annan hátt. Einnig hafa fyrirtæki

í Árborg tekið virkan þátt í að
gera vikuna sýnilega.

Markmiðið með vikunni er
einmitt sýnileiki og fræðsla og
hófst vikan með fræðslu frá
Samtökunum '78. Áhersla var
lögð á að skapa umræður og ná
til þeirra sem tengja við hinsegin
málefni á einn eða annan hátt.

Það eru margir aðilar sem
vinna saman til að gera svona
vikuaðveruleika. Forvarnatéymi
Árborgar vill þakka öllum þeim
sem lögðu sitt á vogaskálarnar
til þess að gera vikuna
glæsilega. Forvarnatéymið,
Íslandsbanki og Bókautgáfan
Salka gáfu öllum börnum í 1.

bekk í Árborg bókina Vertu
þú! sem segir litríkar sögur af
fjölbreytileikanum. Einnig fá
grunnskólarnir, leikskólarnir
og frístundaheimilin stórt hrós
fyrir að taka vel í hugmyndir og
útfæra vikuna á sinn hátt innan
sinna veggja.

Vonandi hefur vikan opnað
hug íbúa fyrir málefnum og
þar með fest í sessi í samfélag-
inu okkar. Við horfum björtum
augum til framtíðar og tökum
frá þriðju vikuna í janúar næstu
árin til þess að fagna saman fjöl-
breytileikanum.

Forvarnatéymi Árborgar



Laus störf í Árborg

Sveitarfélagið Árborg er að leita eftir öflugum einstaklingum sem vilja ganga til liðs við skemmtilegan vinnustað sem sinnir fjölbreyttum verkefnum í þágu samfélagsins. Árborg er ört vaxandi samfélag með um 11 þúsund íbúa. Hjá sveitarfélaginu vinnur breiður hópur fólks í sameiningu að því að veita íbúum og öðrum þjónustuþegum sem besta þjónustu. Starfsfólk sveitarfélagsins eru um 1000 manns á rúmlega 30 vinnustöðum sem gerir sveitarfélagið að stærsta atvinnurekanda á svæðinu.



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Árborg auglýsir þrjú ný störf

Ný staða lýðheilsufulltrúa

Lýðheilsufulltrúi starfar á frístunda- og menningardeild sem er hluti af fjölskyldusviði.

Lýðheilsufulltrúi sinnir verkefnum á sviði lýðheilsu- og forvarnamála í samstarfi við aðra starfsmenn og hagsmunaaðila og vinnur m.a. að uppbyggingu heilsueflandi samfélags í samræmi við íþrótt- og frístundastefnu. Starfið er fjölbreytt og krefst m.a. skipulagningar og framkvæmdar á viðburðum og fræðslu, heilsugöngum og fleiru. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Teymishugsun og hæfni í mannlegum samskiptum einkenna lýðheilsufulltrúa ásamt skipulagshæfni, sveigjanleika og víðsýni.

Ný staða innkaupastjóra

Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir fjármálasvið sveitarfélagsins. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga og drifkraft til að móta þessa nýju stöðu. Starfið felst í að endurskoða innkaupferla sveitarfélagsins og vinna að hagræðingu í innkaupum þvert á alla vinnustaði Árborgar. Þekking og reynsla af innkaupum, útboðum og vörustjórnun er mikilvæg í starfi innkaupastjóra ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

Ný staða deildarstjóra þjónustumiðstöðvar

Mannvirkja- og umhverfissvið auglýsir nýja stöðu deildarstjóra þjónustumiðstöðvar lausa til umsóknar. Þjónustumiðstöð Árborgar gegnir lykilhlutverki í þjónustu sveitarfélagsins til íbúa og viðskiptavina.

Deildarstjóri ber ábyrgð á rekstri og verkefnum þjónustumiðstöðvarinnar. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúin til að taka að sér fjölbreytt og krefjandi stjórnunarhlutverk í síbreytilegu umhverfi. Um er að ræða spennandi starf á góðum vinnustað þar sem viðkomandi fær tækifæri til að móta stefnu og áherslur sveitarfélagsins í þeirri fjölbreyttu þjónustu sem veitt er til íbúanna.

Deildarstjóri sérdeildar Suðurlands

Sunnulækjarskóli á Selfossi auglýsir lausa til umsóknar stöðu deildarstjóra sérdeildar Suðurlands. Sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla, er deild í Sunnulækjarskóla en sérstakur deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu skólastarfi hennar.

Leitað er að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra starfi deildarinnar. Deildin veitir nemendum með sérþarfir í Árborg, Árnesþingi og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fjölbreytt nám sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við heimaskóla. Um 40 börn stunda nám við deildina frá öllum þjónustusvæðunum. Deildin sinnir einnig ráðgjafarhlutverki og leiðir þverfagleg stuðningsteymi nemenda.

Laus störf í frístunda- og menningardeild sem er hluti af fjölskyldusviði.

Sérhæfur starfsmaður í lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5. - 10. bekk.

Frístundaklúbburinn Kotið heyrir undir frístunda- og menningardeild sem er hluti af fjölskyldusviði.

Leitað er að sjálfstæðum einstaklingi með góða færni í mannlegum samskiptum til að vinna í lengdri viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. - 10. bekk í vetur. Starfið felst í tómstunda- og dægradvöl með fötluðum grunnskólabörnum á aldrinum 10-16 ára. Markmið lengdu viðverunnar er að efla félagslegan þroska þátttakenda og stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna í frístundum. Í starfinu er nærumhverfið notað til að þjálfra ungmenntin í sjálfstæði, félagsfærni og samskiptafærni. Þátttakendunum er mætt á þeirra grundvelli og þeim veitt þjónusta við hæfi.

Unglinga- og ungmennaráðgjafi

Unglinga- og ungmennaráðgjafi starfar á frístunda- og menningardeild sem er hluti af fjölskyldusviði.

Verkefni unglinga- og ungmennaráðgjafa eru ráðgjöf, þjónusta og stuðningur við ungmenni og fjölskyldur þeirra. Ráðgjafinn stýrir verkefnum í forvarnarteymi Árborgar, hefur þátttöku í barnateymi félagsþjónustunnar, kemur að sérhæfðu hópastarfi í samstarfi við frístundahús ásamt því að móta og efla þjónustu við unglinga, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á málefnum ungs fólks, er lipur í samskiptum og hefur reynslu af því að starfa með unglingum og ungmennum.

Laus störf hjá þjónustumiðstöð sem tilheyrir mannvirkja- og umhverfissviði

Þjónustumiðstöð gegnir lykilhlutverki í þjónustu sveitarfélagsins til íbúa og viðskiptavina. Starfsemi hennar er afar fjölbreytt og snýr m.a. að verklegum framkvæmdum, umhirðu og ásynd bæjarkjarnanna. Meðal verkefna þjónustumiðstöðvar er garðyrkja, hreinsun, gatnaviðhald og vetrarþjónusta auk viðhalds og minni háttar nýframkvæmda og ýmissa tilfallandi verkefna vegna þjónustu við íbúa, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Garðyrkjustjóri

Staða garðyrkjufræðings heyrir undir garðyrkjustjóra þjónustumiðstöðvar, Hér er um að ræða spennandi starf á góðum vinnustað þar sem viðkomandi fær tækifæri til að móta stefnur og áherslur sveitarfélagsins í uppbyggingu grænna svæða og gróðurs.

Tækjamaður


Staða tækjamanns heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar. Tækjamaður er hluti af öflugu teymi þjónustumiðstöðvar Árborgar sem sér um allan rekstur, umhirðu og viðhald á landi sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á ráðningarvef Árborgar, <https://starf.arborg.is>

82%

Sunnlendinga

lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

HVERAGERÐISBÆR

Árhólmasvæði í Hveragerði, tillaga að breytingu á aðal- og deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 13. janúar 2022 að auglýsa samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 á svæði suðaustan við Hengladalaá skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðis í Hveragerði, skv. 43. gr. sömu laga.

Tillagan að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar felur í sér nýtt 0,9ha. ferðamanna- og afþreyingarsvæði AF2 við Hengladalaá, stækkun á versunar- og þjónustusvæði VP1 á Árhólmasvæðinu um 0,5ha. til norðurs og nýjar gönguleiðir í nágrenni Hengladalaár. Með breytingunni verður heimilt að reisa svifbraut (Zip-line) ásamt útsýnis- og upphafspalli og lendingarpalli og leggja nýja göngustíga.

Tillagan að breytingu á deiliskipulagi Árhólmasvæðisins felur í sér stækkun á reit A, þannig að hann nái til stækkunar á almennu bílastæði fyrir ferðamenn, tveggja lóða fyrir upphafs- og endapall svifbrautar og göngustíga meðfram Hengladalaá. Einnig felur breytingin í sér stækkun á byggingarreit á lóðinni Árhólmar 1. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa nýja möguleika til afþreyingar fyrir ferðamenn, sem þannig fá tækifæri að sjá og njóta náttúrunnar frá nýju sjónarhorni.

Breytingartillögunnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með mánudeginum 17. janúar 2022 og eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 7. mars 2022, annaðhvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti á netfangið gfb@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi
Hveragerðisbæjar

Margir nýta tímann til að læra óháð stað og stund!

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er boðið upp á fjarnám allt árið.

Skráning á vorönnina stendur nú yfir og lýkur **18. janúar** næstkomandi og er hún rafræn á heimasíðu skólans: <http://www.fa.is/fjarnam/skraning-i-fjarnam/> Hér er hægt að sjá hvaða áfangar eru kenndir á vorönninni: <https://www.fa.is/fjarnam/afangar-i-bodi/fjarnam/>

Kennslan hefst **25. janúar** og lýkur með lokaprófum í maí.

Í samtali við Hildi Jóhannsdóttur og Steinunni Hafstað fjarnámstjóra Fjölbrautaskólans við Ármúla sögðu þær að meginmarkmið fjarnámsins er að gefa sem flestum kost á að stunda framhaldsskólanám óháð stað og stund, aldri og aðstæðum. Þannig er hægt að brúa bilið hjá þeim sem kjósa að taka upp þráðinn á

ný eftir hlé frá námi og að gefa nemendum kost á sveigjanleika í námi til að stytta sér leið að lokaprófi. Það er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum bóknámsbrautum í fjarnámi og að ljúka í fjarnámi þeim bóklegu greinum á heilbrigðisstarfsbrautum skólans sem eru til þess fallnar.

Gæðavottað fjarnám

Hildur Jóhannsdóttir benti á að sem ríkisrekinn framhaldsskóli heyrir skólinn undir Menntamálaráðuneytið og er allt námið samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Fjarnámið sem er gæðavottað af iCert er fyrst og fremst hugsað sem sjálfsnám undir handleiðslu kennara. Kennslan fer fram í notendavænu námsumhverfi. Kennarar skólans eru þaul-

reyndir, búa yfir mikilli reynslu af námsumhverfinu og alltaf tilbúnir að aðstoða.

Fjöldi fólks hefur stundað fjarnám í FÁ annaðhvort samhliða vinnu eða með námi. Þetta kemur mörgum til góða svo sem þeim sem eru að flýta fyrir sér í námi, að endurtaka áfanga eða að undirbúa sig undir frekara nám á háskólastigi. Nemendur sem stunda nám í öðrum framhaldsskólum geta tekið áfanga í fjarnámi og fengið þá metna. Það er einnig algengt að fólki skrái sig í áfanga sem tengjast þeirra áhugasviði, t.d. í tungumálum, sögu eða bókmenntum, án þess að vera í skipulögðu námi sögðu þær Hildur og Steinunn að lokum.



Hildur Jóhannsdóttir og Steinunn Hafstað fjarnámstjórar FÁ

Hvað getur kennari beðið um meira?

Nemendur í íslensku áfanganum Nútímabókmenntum í FSu luku námi sínu á liðinni haustönn með því að velja sér

ljóðabók eftir höfund sem fæddur er eftir árið 1980. Að sögn Rósu Mörtu Guðnadóttur kennara „flæddi fram fjölbreyttur

straumur ljóða og áhugaglami kviknaði í augum nemenda og kennara. Nú uppskáru allir á háttíð” segir hún og brosir. „Sumir nemendur höfðu beint samband við höfunda og einn þeirra höfunda var gamall nemandi okkar Ægis Péturs Ellertssonar enskukennara úr Skógaskóla, Eygló Ída Gunnarsdóttir sem nú gegnir stöðu leikskólakennari og flutti nemandinn mjög áhugaverða hugleiðingu um ljóðagerð hennar. Rósa segir að svona uppákomur séu sannarlega uppskeruhátíð fyrir kennarana „sem sjá ljós eftir langa önn” eins og hún orðar það. Hvað getur kennari beðið um meira?”.





Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband við okkur og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



STARF Í BÓÐI HJÁ RARIK

Mælaumsjón - mælauppsetning á Selfossi



Sjálfstæður og samviskusamur einstaklingur óskast í mælaumsjón og mælauppsetningu á Suðurlandi með aðsetur á Selfossi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með orkumælum
- Tenging nýrra viðskiptavina
- Samskipti við verktaka og viðskiptavini
- Gagnaskráningar
- Verkundirbúningur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veita Lárus Einarsson, deildarstjóri rekstrarsviðs á Suðurlandi, eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. **Umsóknarfrestur er til 24. janúar** og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna



STARF Í BÓÐI HJÁ RARIK

Sérfræðingur í stjórnstöð



Óskað er eftir sérfræðingum í stjórnstöð fyrirtækisins. Stjórnstöð er ný deild og munu sérfræðingar deildarinnar taka þátt í mótun hennar ásamt innleiðingu nýrra kerfa sem notuð verða við úrlausn þeirra spennandi verkefna sem framundan eru. Þegar deildin tekur til starfa þá mun hún hafa umsjón með vöktun og stýringu veitukerfa RARIK ásamt öðrum verkefnum tengdum rauntímastjórnun og skipulagningu rofs og vinnu. Starfið er unnið á dag-, kvöld- og bakvöktum. Staðsetning sérfræðinga stjórnstöðvarinnar getur verið á fleiri en einni starfsstöð fyrirtækisins. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

Helstu verkefni:

- Stýring og vöktun veitukerfa RARIK
- Aðgerðastjórnun
- Skipulagning rofs og vinnu
- Samskipti við viðskiptavini
- Upplýsingagjöf til innri og ytri aðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafmagnsiðn-, -tækni- eða -verkfræði
- Þekking og reynsla af háspennukerfum er kostur
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt

Nánari upplýsingar veita Gísli Þór Ólafsson, deildarstjóri stjórnstöðvar og starfsmannastjóri í síma 528 9000. **Umsóknarfrestur er til 24. janúar** og skal skila umsóknum með ferilskrá á www.rarik.is/atvinna.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200 á 20 starfsstöðvum sem eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf. | www.rarik.is/atvinna



Orlofshús

Stjórnendafélags Suðurlands um páska 2022

Stjórnendafélags Suðurlands auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 13.–20. apríl 2022.

Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins www.stjornandi.is eða í síma 480–5000.

Valmöguleikar eru Svignaskarð hús 32, Brekkuheiði 15 í Bláskógabyggð og Langahlíð 2 á Akureyri.

Umsóknarfrestur er til **8. febrúar n.k.** Leiga fyrir páskana er kr. 30.000,-.



Bláskógaskóli Laugarvatni leitar að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

Aðstoðarmatráð í 90–100% starf.
Tímabundin ráðning vegna fæðingarorlofs.

Kennari á leikskóladeild, fullt starf.

Við leitum eftri einstaklingum sem:

- eru jákvæðir og samstarfsfúsir
- eru áhugasamir fyrir útinámi og að þróa sig í starfi
- eiga auðvelt með að aðlagast breytingum
- eru sveigjanlegir og taka jákvætt í hugmyndir barna og samstarfsfólks

Umsóknarfrestur er til **28. janúar** og er upphaf ráðningar samningsatriði. Umsóknir skulu berast í tölvupóst á elfa@blaskogaskoli.is. Ferilskrá og stutt kynningarbréf skulu berast með umsókn. Ef ekki fæst kennari til starfa er litið til starfsreynslu og/eða sambærilegrar menntunar á sviði uppeldisfræði eða þroskajálfunar.



Íþróttir

Eva María valin í afrekshóp FRÍ

FRJÁLSAR Hin stórefnilega Eva María Baldursdóttir var á dögnum valin í Afrekshóp FRÍ. Hún keppti í fyrstrasumar á EM U20 og tryggði sú þátt-taka henni inn í hópinn. Afrekshópurinn samanstendur af átta efnilegustu frjálsíþróttamönnum landsins á aldrinum 16–22 ára. Markmiðið með afrekshópnum er að styðja við framtíðar afreksmenn Íslands sem eru að stíga sín fyrstu skref á alþjóðlegum stórmótum í unglinga- og ungmennaflokki. Stuðningurinn sem Eva María fær snýr að því að móta andlegan/líkamlegan styrk, fyrirbyggja meisdli og til almenns undirbúnings fyrir þátttöku í stórmótum. Eva María hefur stundað æfingar af krafti



Mynd: Umf. Selfoss.

í vetur í nýju frjálsíþróttaaðstöðunni á Selfossi og verður spenn-

andi að fylgjast með hennar næstu skrefum. -UMFS

Fyrstu HSK-metin í Selfosshöllinni

FRJÁLSAR Nokkur æfingamót í frjálsíþróttum fóru fram í nýju höllinni á Selfossi skömmu fyrir jól, en húsið var tekið í notkun í haust. Tvö HSK-met voru sett á mótunum og eru þetta fyrstu HSK-metin sem sett eru í húsinu.

Helga Fjóra Erlendsdóttir úr Garpi stórbætti HSK-metið í 60 metra grindahlaupi í flokki 12 ára stúlkna þann 17. desember. Hún hljóp á 10,87 sek og bætti 10 ára met Höllu Maríu Magnúsdóttur um rúma sekúndu, gamla metið var 11,88 sek.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson úr Umf. Selfoss setti HSK-met



Helga Fjóra Erlendsdóttir, Garpi.



Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, UFMS.

í þrístökki í flokki 13 ára þann 20. desember. Hann stókk lengst 11,46 metra og bætti 10 ára

gamalt met Bjarka R. Bjarnasonar um 24 sentimetra. -HSK

Einhverjir staðir fengið ábendingar varðandi sóttvarnir

Lögreglumenn hafa undanfarið farið á veitinga- og gististaði á Suðurlandi til að kanna með hvernig reglum um sóttvarnir er fylgt eftir. Tílefni hefur verið til ábendinga á einhverjum stöðum vegna þessa og eru rekstraraðilar hvattir til að gæta þess að þessir hlutir séu í lagi. Eins og kunnugt er eru mörg smit að greinast í samfélaginu og smittölur fyrir Suðurland má finna á vef HSU.

Fjórtán ökomenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt í liðinni viku. Flestir þeirra erlendir ferðamenn og sá er hraðast ók mældist á 130 km/klst hraða þar sem leyfður hámarkshraði er 90 km/klst. Sektin 120 þúsund. Greidd á

vettvangi líkt og flestir þeir sem stöðvaðir voru kusu að gera enda veittur 25% afsláttur ef greitt er innan 30 daga frá álagningu sektarinnar.

Fjórir ökomenn kærðir fyrir að nota farsíma án handfrjáls búnadur við akstur bifreiða sinna í vikunni og skráningarnúmer voru tekin af einni bifreið sem reyndist ótryggð í umferð.


Þrír ökomenn voru stöðvaðir vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna. Einn þeirra á bíl með stolnum númeraplötum og með barn sitt í bílnum.

Umferðareftirlitsmenn okkar skoðuðu ástand og réttindi hjá 10 leigubifreiðastjórum í vikunni, bæði í Reykjavík og á Suðurnesjum og reyndust þeir

almennt með mál sín til fyrirmyndar. Þá kærðu þeir ökomann fyrir að draga of þunga kerru aftan í fólksbíl sínum á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt.

Tvö mál er varða heimilisofbeldi / ágreining milli skyldra eða tengdra komu upp í vikunni og hljóta víðeigandi meðferð eftir eðli þeirra.

Maður gisti fangageymslur á Selfossi um liðna helgi eftir að hafa slegið annan þannig að sá hlaut skurð á höfði af. Einnig hafði viðkomandi brotið rúðu í útihurð íbúðarhúss sem var vettvangur málsins. Hann var yfirheyrður þegar áfengisvíman rann af honum og frjáls ferða sinna að því loknu. Sjúkrabifreið var kölluð til fyrir þann sem sleginn var og var gert að sárum hans á heilbrigðisstofnun. Málið áfram til rannsóknar.



»DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



(((HEYRN)))

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Sunnlendingar
Verðum á Selfossi í Grænumörk 5.
Föstudaginn 21. janúar.

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



Ellisif Katrín Björnsdóttir
lögg. heyrnafræðingur
veitir faglega ráðgjöf

ReSound

rediscover hearing

Heyrn, Hlíðasmára 19, Kópavogur, heyrn@heyrn.is

Tímapantanir - 534 9600

Nánari upplýsingar
www.heyrn.is

VEITINGAREKSTUR GOLFSKÁLA

Golfklúbbur Öndverðarness leitar að metnaðarfullum aðila til reksturs á veitingaþjónustu og þjónustu við félagsmenn okkar og gesti. Rekstrartímabilið er frá maí - sept ár hvert. Daglegur opnunartími golfskálans er að jafnaði frá 08-20 alla vikudaga sumarsins. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður og/eða hafi reynslu af veitingarekstri. Innsýn í golfheiminn og nálæg búseta er kostur.

Golfklúbbur Öndverðarness er stór og framsækinn golfklúbbur í Grímsnesi, stutt frá höfuðborginni. Í klúbbnum eru rúmlega 600 meðlimir og árlega eru leiknir um 14-17 þús. golfhringir hjá okkur. Öndverðarnessvöllur er 18 holur og þjónar sívaxandi sumarhúsabyggð í Grímsnesi og nærsveitum. Völlurinn er í tæplega klukkutíma akstursfjarlægð frá Reykjavík og um 3.000 sumarhús eru innan 20 mínúta akstursfjarlægðar. Golfskáli GÖ er glæsilegur og hýsir veislusal sem tekur um 150 manns í sæti.

Nánari fyrirspurnir beris til framkvæmdastjóra á netfangið gogolf@gogolf.is. Umsóknir ásamt ferilskrá berist á netfangið gogolf@gogolf.is eða inn á www.alfred.is fyrir 28. febrúar 2022. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. www.gogolf.is - <https://www.facebook.com/ondverdarnessgolf>

LEIKSKÓLINN ÁLFABORG



LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

HELSTU VERKEFNI:

- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf

MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir leikskólakennara í 100% stöðu. Einnig kemur til greina að ráða leikskólakennara í hlutastarf. Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR
LIESELOT SIMOEN LEIKSKÓLASTJÓRI
Í SÍMA 480-3051.

UMSÓKNAR-
FRESTUR
30. JANÚAR
2022

UMSÓKNIR SENDAST Á NETFANGIÐ:
LIESELOT@ALFABORGLEIKSKOLI.IS



Jöfnunarstyrkur til náms

Umsóknarfrestur á vorönn 2022 er til **15. febrúar n.k.**

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem að stunda nám fjarri heimili sínu.

- **Dvalarstyrkur** (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms)
- **Akstursstyrkur** (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með raf-rænum skilríkjum á Mitt Lán sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is eða www.island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðs námsmanna. (www.menntasjodur.is).

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd



Kæru Sunnlendingar

Fyrsta vikan hér í Menntaskólanum að Laugarvatni byrjaði með fjarnámi vegna aðstæðna í samfélaginu. En í annarri viku fór stjórnin eftir umtalsverðan undirbúning að huga að stjórnarskiptum í nemendafélaginu Mími og er því öflug kosningavika framundan.

Kosningavikan hófst þriðjudaginn 11. janúar en þá opnaði formlega fyrir móttöku framboða nemenda.

Þann 13. janúar var listi framboðenda ljós og þá um kvöldið var svokallað ræðukvöld þar sem hverjum framboðenda gafst tækifæri til að koma sínum framboðsáherslum á framfæri.

Nemendur höfðu svo nokkra daga, eða fram til 16. janúar, til að kynna sér framboðendur og þeir að koma sér og sínum áherslum á framfæri við aðra nemendur skólans.

Þann 17. janúar var kosningadagur og um kvöldið var svo aðalfundur nemendafélagsins Mímis og þá er talið upp úr kjörkössum og úrslit kosninga kunngerð. Að þessu sinni var aðalfundi streymt beint í gegnum netið í ljósi samkomutakmarkana. En við í menntaskólanum höfum staðið okkur afar vel í að finna tæknilausnir til leysa vanda sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við samkomutakmarkanir.

Þann 18. janúar var fyrri stjórn svo formlega laus frá störfum og mun fagna lokum embættistímans með einhverri grímuklæddri samveru. Á heimasíðu Mímis má finna ýmsar upplýsingar um nemendafélagið Mími.

Fráfarandi stjórn óskar verðandi Stjórnarmönnum góðs gengis.

Umsjón: Oddný Lilja Birgisdóttir og Þóra Björg Yngvadóttir

Hvað gerir VR fyrir þig?

Jónas Yngvi Ásgrímsson

varamaður í stjórn VR



VR er stéttarfélag þeirra sem starfa í verslunum, við þjónustu og á skrifstofum. Innan VR er því fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíkan bakgrunn, reynslu og menntun. Félagssvæði VR nær yfir stóran hluta landsins og eru skifstofur víða. VR stendur fyrir fjölmörgum námskeiðum og fyrirlestrum og eru flest haldin á netinu og þannig geta félagsmenn fengið margs konar fræðslu. Meðal fyrirlestra sem eru framundan má nefna: Áskoranir í kynslóðabíli á vinnumarkaði (27.01.22), Sköpunargleði (10.02.22) og Þjálfun og þróun mannauðs hjá Domino's (10.03.22). Þessir fyrirlestrar eru svokallaðir hádegisfyrirlestrar en eru jafnframt teknir upp og hægt að skoða næstu daga eftir fyrirlesturinn.

VR leggur mikið uppúr því að félagsmenn geti fengið sí- og endurmenntun við sitt hæfi. Í dag

eru miklar breytingar í umhverfi félaga í VR. Við sjáum þær helst með fjölgun sjálfsafgreiðslustöðva í verslunum en í raun er þar bara toppurinn á ísjakanum. Hin svokallaða „Fjórða iðnbylting“ á eftir að breyta miklu í því starfsumhverfi sem við þekkjum í dag. Þegar talað er um fjórðu iðnbyltinguna er verið að tala um tækniframfarir undafarinna ára og komandi ára. Í starfsmenntanefnd VR, og eins í framtíðarnefnd VR, er fylgst með þessari fjórðu iðnbyltingu og hvaða áhrif hún hefur á félagsmenn.

Meðal þess sem hefur verið gert á vettvangi VR er „Stafræna hæfnishjólíð“ en þar gefst félagsmönnum færi á að svara 63 spurningum og geta þannig kortlagt eigin stafrænu hæfni og sjá hvar er hægt að bæta sig til að standast betur samanburð við aðra. Einnig er ráðlegt að skoða raunfærnimat en þar er hægt að sjá hver raunveruleg færni þín er og þannig hægt að skipuleggja hvaða nám hentar til að styrkja einstaklinginn til nánustu framtíðar.

Á heimasíðu VR (vr.is) er ný undirsíða sem heitir Starfs-

þróun. Ef þú ert að velta framtíðinni fyrir þér þá er þessi síða gott fyrsta skref. Þarna er hægt að skoða yfirlit um menntun á Íslandi ásamt tengla á stafræna hæfnishjólíð og fleiri góð atriði.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nám er gott að vita til þess að félagsmenn VR geta fengið styrk til náms sem nemur allt að 90% af námsgjaldi (þó að hámarki 130.000 kr.). Ef ekki hefur verið sótt um styrk í a.m.k. 3 ár getur þessi styrkur numið allt að 390.000 fyrir einu samfelldu námi.

Ég er einn af þeim heppnu sem hef fengið að starfa að þessum málum innan stjórns VR. Í störfum mínum hef ég gætt þess að hlustað sé á þarfir félagsmanna á landsbyggðinni og fengið góðar undirtektir innan stjórns við þeim atriðum sem ég hef bent á. Stjórn verkalyðsfélags sem starfar á landsvísi þarf að hafa innan sinna raða einstaklinga sem þekkja aðstæður og væntingar félagsmanna á þeim svæðum sem starfið nær yfir. Ég mun bjóða mig fram í stjórnarkjöri n.k. febrúar og vonast til að fá kjör í stjórn fyrir næstu tvö ár.

Um allt og ekki neitt

Ég er réttur og sléttur ræfill

Já, ræfill sem ekkert kann.

Ég hélt þó hér forðum, að guð og gæfan

Myndi gera úr mér afbragðs mann.

(ljóð eftir Stein Steinarr, Ræfilskvæði).

Á miðjum vetri að nýliðnu ári er okkur sem höfum hressilega fjarlægst fermingardurinn, en erum þó ekki komin á síðasta neysludag gjarnt á að líta til baka og hugleiða nútíð, framtíð og það ár sem nýliðið er. Á þessum árstíma er dagurinn hvað stytur og sá tími ársins sem takmarkaðrar birtu nýtur. Rökkrið er næstum allsráðandi, ekki síst þegar dumbungur bætist við stuttan sólargang og jörðin er auð, en þó birtir á milli og sólin nær að brjótast fram og létta geð og kæla nef, því vetrarsólinni fylgir oftast lægra hitastig. Við mannfólkið reynum þó að bæta okkur ljósarlægð með því að raflýsa meira en ella umhverfi okkar úti og inni. Nýliðið ár var ár ófyrirsjáanleika með eldgosi á Reykjanesskaga, upfærðri og endurnýjaðri ríkisstjórn eftir kostulegt kosningaklúður og Covidfári um allt land sem engan enda virðist ætla að taka þrátt fyrir inndælingar bólu-efnis í allt að þremur lotum og almenna grímunotkun fólks sem í fjölmönnum almannrýmum sem lítur allt út eins og það hafi verið að ganga út af skurðstofum eða fremja bankarín. Ekki er þó allt neikvætt og t.d. dæmis göngum

við Selfossbúar sperttir og stoltir um glæsilega nýja Miðbæinn okkar innanum aðkomna gesti frá öðrum bæjarfélögum og ekki síst frá Höfuðborginni og eru þeir allir boðnir velkomnir í fjölbreytt úrval góðra veitingastaða og frábærra verslana. Vegaframkvæmdir á þjóðvegi eitt á milli Hveragerðis og Selfoss virðast ganga vel þar sem úmbundið reynir á þolinmæði ökuþóra við að hlýta hraðatakörkunum við annað tveggja 50 eða 70 kílómetra takmarkanir og Ingólfsfjallið horfir sært og afklætt á svo skín í bert berg á efnistöku-stöðum úr hlíðum þess til uppfyllingar í nýja vegarstæðið fyrir þjóðveg eitt. Reynir nú á hvort Samgönguráðherra (Innviðaráðherra) sem hélt sínu ráðuneyti eftir Alþingiskosningar í haust stendur við kosningaloforð sitt um nauðsynlegan undirbúning útboðs vegna árrar brúar yfir Ölfusá á nýju ári eða hvort hann fór með fleipur og lætur verkið dankast. Hætt er við að ýmsum verði flemt við ef brúarsmiðin verður ekki að veruleika og að kjósendur hafi látið narrast til að kjósa bara Framsókn. Ráðherra er þó lunkinn og ekki líklegur til að húka hengilmænu- legur yfir verkinu heldur standa keikur að verki sem lofað var kjósendum, en til þess að það verði að veruleika þarf hann að vera slunginn og enginn amlóði til verka. Hann þarf e.t.v. að ybba sig við fjárveitingavaldið svo öðrum verði ekki kápan úr því

klæðinu að fá verkinu skotið á frest með derringi. Svo gæti farið að nauðsynlegt reynist að stugga við þrjóskað byrkratískum leti- dýrum sem illa funkera í framkvæmdahluta mikilvægra verk- efna. Í hryssingslegu umhverfi framkvæmdavaldsins þarf stund- um að olnboga sig í gegnum hóp afturhaldssinnaðra dragbíta. Ráðherra er ekki þekktur fyrir að vera dáðliðill dunderi heldur röskur og tápmikill verkhrindari og mun því eflaust demba sér í verkið og ekki slæpast við að draga stoltur fána að húni að verki loknu og má fáninn þar tróna um langa hríð. Fari svo að verkið tefjist munum við Sunn- lendingar verða gramir í geði og ekki krjúpa né linna látum fyrr en að verki loknu. Ég læt í lokin fljóta með hér tvær vísur eftir Stein Steinarr sem hafa tilefninu.

Víst er þetta löng og erfið leið og lífið stutt og margt sem út af ber.

En tigið gegnum tál og hver- skyns neyð skín takmarkið og bíður eftir þér.

Ég brýt niður blekkingu þína og boða þér nýja trú Ég er Mjólkrubú Flóamanna og mjólkin ert þú (ljóð eftir Stein Steinarr).

Með bestu kveðju og óskum um gleðilegt ár. Ómar V. Franklínsson

Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn-Hverabraut



Verklok eru 15.06.2022

Verkið felur í sér lagningu botnlanga og vatns- og fráveitu við Hverabraut á Laugarvatni. Grafa skal fyrir burðarlagi og vatns- og fráveitulögnum og leggja samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Gröftur á lausu efni, brottekið	500 m ³
Gröftur á lausu efni útjafnað við vinnusvæði	500 m ³
Fylling undir og yfir lagnir	150 m ³
Vatnsveitulagnir	400 m
Fráveitulagnir	250 m
Styrktarlag Hverabrautar og göngustígs	790 m ³

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 18. janúar 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið ba@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Aratungu, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 fimmtudaginn 3. febrúar og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar

Kristófer Tómasson sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



📍 Lynghóls 1, 110 Reykjavík ☎ 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
Heiðargerði 22, 300 Akranes ☎ 431 1127

🌐 prentmetoddi.is



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfið með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAGSMENN
ATHUGIÐ!

Á fundi stjórnar Félags
eldriborgara á Selfossi,
5. janúar 2022, var ákveðið
að enginn starfsemi verði
á vegum FEBSEL fyrr en
breytingar verða á sótt-
varnarreglum til afléttingar.

Fylgist vel með á heimasíðu
félagsins og Facebook.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eygravei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani
&
tæki

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyraveggi 67, Selfossi, 22. janúar.
Lokað verður í safnaðarheimilinu.
Bendum á að hægt er að
fylgjast með streymi á Youtube
og velja Adventkirkjan.

ÞJÓNUSTA



Mikið og fallegt úrval af
gardinum og gluggatjöldum.

Við bjóðum upp á fría
ráðgjöf og mælingu.

20% afsláttur
af öllum pöntunum!

Uppl. í síma 866 3300 / 784 9689
flisalina@flisalina.is

Málari

Málari óskar eftir að taka að sér
gipsspörslun og málun. Uppl. í
síma 777 6466.

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



20% afsláttur
af gjafakortum
Ný námskeið
3. febrúar.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í þróttalfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Sigtún byggð árið 1907

Sigtún var eitt fyrsta húsið
sem byggð var á Selfossi árið
1907.

„Veðrið er vitlaust. Ég er á
leið til Reykjavíkur, þar sem
ég er ráðinn á togara, en í þessu
húsi ætla ég að gista í nótt.“
Þessi orð mælti ungur Rang-
æingur, Egill G. Thorarensen,
einn kaldan desemberdag frosta-
veturinn 1918 þegar hann baðst
húsaskjólis í Sigtúni.

Egill Thorarensen eignað-
ist húsið árið 1918 og hóf þar

verslunarrekstur og atvinnu-
starfsemi sem varð í raun undir-
staða Kaupfélags Árnesinga,
síðar Mjólkurbús Flóamanna og
þannig byggðarinnar á þessum
stað.

Húsið var rífið 1946 og hefur
verið endurreist í nýjum miðbæ
Selfoss. Þar rekur Joe & The
Juice veitingastað og eru íbúðir
á eftir hæð.

Fengið af Facebook-síðunni
Miðbær Selfoss



Flisar eru allsráðandi í Mjólkurbúinu á Selfossi, líkt og var í því uppruna-
lega. Innblásturinn er fenginn úr Sundhöll Reykjavíkur sem einnig er hönnuð
af Guðjóni Samúelssyni. Einkenni þessara flisa er útfærslan yfir horn og
engin samskeyti. Það er mikil nákvæmisvinna að leggja þær og ekkert svigrúm
fyrir mistök. Fullkomlega heppnað að okkar mati. Fengið af Facebook-síðu
Mjólkurbúsins.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamanna-
hreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðal-
skipulagsbreytinga og skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Einiholt 1 land 1 L217088; Úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2110061

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni felst breytt notkun landbúnaðarlands í verslunar- og þjónustusvæði. Með breytingunni stækkar núverandi verslunar- og þjónustusvæði Vþ14 sem tekur til ferðarþjónustustarfsemi að Einiholti 1.

2. Skálholt L167166; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2104083

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. janúar 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breyttrar landnotkunar innan Skálholtsjarðar. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógræktarsvæði.

3. Miðhús II L166580; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2101012

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2022 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og nýs deiliskipulags í landi Miðhúsa. Svæðið sem um ræðir er á landi Miðhúsa 1 og 2 og liggur beggja vegna Þjórsárdalsveggar (nr. 32). Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytta afmörkun og minnkun á frístundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar um u.þ.b. 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar um um það bil 5 ha.

4. Hlíð spilda 1 L221538; Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2109065

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hlíðar spildu 1 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst stækkun frístundasvæðis og skilgreining skógræktar- og landgræðslusvæðis.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Flatir Réttarholt; Stækkun frístundasvæðis F27; Deiliskipulagsbreyting - 2005080

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. janúar 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis að Flötum, Réttarholti. Í breytingunni felst m.a. stækkun skipulagssvæðis og fjölgun lóða á svæðinu

6. Álfhóll L210521; Deiliskipulag - 211047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. desember 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til lóðar Álfhóls, L210521. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining tveggja byggingarreita þar sem gert er ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 fm, fjölnotahús tengt atvinnurekstri allt að 600 fm og skemmu/skylis í tengslum við skógrækt.

7. Ásgarður; Kerlingarfjöll; Deiliskipulag - 2110077

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2022 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til deiliskipulags Ásgarðs í Kerlingarfjöllum. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðarþjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gístiaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteiptara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

8. Dalabyggð; Stækkun frístundasvæðis; Deiliskipulagsbreyting - 2107002

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2022 að auglýsinga tillögu sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Dalabyggð. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins.

9. Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II; Deiliskipulagsbreyting - 2107008

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar 2022 að auglýsinga tillögu sem tekur til breytinga á deiliskipulagi frístundasvæðis að Laufskálabyggð. Í breytingunni felst stækkun og sameining lóða Laufskálabyggðar 2 og 4 ásamt stækkun Laufskálabyggðar 1. Einnig breytist aðkoma lóða 1, 2 og 3 innan svæðisins auk þess sem breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum innan svæðisins.

10. Mosató 3 L225133; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting - 2111083

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi að Mosató 3 L225133. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.flóahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1 – 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 19. janúar 2022 til og með 8. febrúar 2022.

Mál nr. 8 – 10 innan auglýsingar eru auglýst frá 19. janúar 2022 til og með 3. mars 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU



Marco Mancini



Stephen J. Hurling

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands styrkir tvö ný rannsóknarverkefni

Á hátíðarfundum Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands þann 13. janúar síðastliðin voru veittir tveir styrkir fyrir árið 2022. Styrkina hlutu að þessu sinni Marco Mancini og Stephen J. Hurling. Fengu þeir hvor um sig 800.000 kr. styrk til doktorsverkefna sinna.

Í umsögn Sveins Aðalsteinssonar formanns stjórnar sjóðsins segir m.a. um doktorsverkefni styrkþega: „Marco Mancini rannsakar hitakæra maura í verkefni sínu en hann fann nýlega nýja tegund Hypoponera eduardi á jarðhitasvæðum sunnanlands. Venjulegur húsamaur, Hypoponera ergatandria, finnst í hóbýlum manna í Reykjavík og víðar á þéttbýlissvæðum og við Gunnahver á Reykjanesi. Hin nýja tegund finnst hins vegar nær eingöngu á jarðhitasvæðum sunnanlands þ.e. í Reykholti í Biskupstungum, Hveragerði, Reykjadal í Ölfusi og við Geysi. Rannsóknasurning Marco snýst um hvort hér sé um að ræða gest sem er líklegur til að nema land víðar og valda hugsanlegu tjóni á viðkvæmu lífríki

eða hvort hér sé á ferð seigur landnemi sem hefur þraukað í margar aldir í skjóli jarðhita og beri því að vernda. Erðæfni H. eduardi verður rannsakað, gerðar verðar atferlisathuganir á maurum og útbreiðsla hans könnuð frekar. Útbreiðsla þessara maurategunda er líka fróðleg í ljósi hlýnunar loftslags eins og allar loftslagsspár kveða á um.“

„Stephen Hurling rannsakar tvær skyldar sjófugategundir, þ.e. sjósvölu (Hydrobates leucorhous) og stormsvölu (Hydrobates pelagicus). Báðar tegundir lifa við Vestmannaeyjar og tilheyra hópi sjófugla sem eiga margir hverjir undir högg að sækja vegna loftslagshlýnunar, reyndar eru þær báðar á valista Náttúrfræðistofnunar vegna fárra varpstæða. Stephen hyggst nota nýja gerð af örmáum staðsetningarbúnaði til að rekja ferðir þessara tegunda, bæði á varptíma og á farstöðvum sunnar í Atlantshafi. Rannsakað verður fæðuval, farhegðun og afkoma fuglanna. Niðurstöðurnar má nýta til að grípa til aðgerða til verndar þessum tegundum og hugsanlega fleirum

sem búa við svipuð lífsskilyrði og eiga undir högg að sækja á tímum loftslagsbreytinga.

Hátíðarfundurinn fór að þessu sinni fram í fjarfundar-búnaði vegna sóttvarnareglna. Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson tók þátt í fundinum og ávarpaði fundarmenn, en hann hefur eins og fyrrverandi forseti ávallt stutt við bakið á sjóðnum og með nærveru sinni.

Það eru Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi og Háskólafélag Suðurlands sem reka Vísindasjóð Suðurlands. Hann er fjármagnaður með frjálsum framlögum fjölmargra félaga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana um allt Suðurland. Vísindasjóður, sem er fjármagnaður með þessum hætti, er einstakur á landsvísi og því afar dýrmætur í sunnlenskri menntaflöru.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFÖSSÍ - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDÍ
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?
Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980